

Fundur skipulags- og samgönguráðs 8. september 2021:

Tillaga fulltrúa Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata um bættar göngutengingar í Gamla-Vesturbænum – US210257

Skipulags og samgönguráð felur umhverfis- og skipulagssviði að skoða leiðir til að bæta tengingar fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur milli Gamla-Vesturbæjarins og Kvosarinnar. Skoðaðar verða bættar göngutengingar í austur-vesturátt, til dæmis meðfram Mýrargötu, Nýlendugötu, Vesturgötu sem og meðfram ströndinni. Möguleikar til að gera götur á svæðinu að göngu- eða vistgötum verða kortlagðir og gerð veriði áætlun um eflingu og endurhönnun borgargatna.

Greinargerð

Mikil uppbygging á sér nú stað eða er fyrirhuguð á umræddu svæði, til dæmis á Héðinsreit, á Steindórsreit, í Vesturbugt og á gömlum reit Landhelgisgæslunnar. Með auknum fjölda fólks er nauðsynlegt að skapa betri tengingar fyrir gangandi svo fólk sem vill ganga niður í bæ geti gert það í þægilegu, hlýlegu og öruggu umhverfi. Mikil tækifæri eru á svæðinu til að stækka gangstéttar, bæta götuhorn, leggja hjólastíga, fjarlægja akreinar og bílastæði og efla tækifæri fyrir verslun og þjónustu á jarðhæð. Hinar bættu gönguleiðir mun einnig þjóna hinu sívaxandi atvinnu- og þjónustusvæði í Örfirisey.



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga fulltrúa Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata um bættar gönguteningar í Gamla-Vesturbænum (US210257).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 8. september sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata:

Skipulags og samgönguráð felur umhverfis- og skipulagssviði að skoða leiðir til að bæta tengingar fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur milli Gamla-Vesturbæjarins og Kvosarinnar. Skoðaðar verða bættar göngutengingar í austur-vesturátt, til dæmis meðfram Mýrargötu, Nýlendugötu, Vesturgötu sem og meðfram ströndinni. Möguleikar til að gera götur á svæðinu að göngu- eða vistgötum verða kortlagðir og gerð verði áætlun um eflingu og endurhönnun borgargatna.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 6. október sl.

Svar við fyrirspurn:

Af hálfu skrifstofunnar er talið mikilvægt að góðar tengingar séu til staðar fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur í borginni. Ekki eru gerðar athugasemdir við að tengingar milli Gamla-Vesturbæjarins og Kvosarinnar verði skoðaðar sérstaklega.

Vinna við kortlagningu og forgangsörðun við endurhönnun borgargatna er þegar hafin.

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri